Nr. 6.
6.
marz.

# Lög
um
hvalleifar.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öllum hvalaveiðamönnum á Íslandi er skylt að hreinsa allar hvalleifar af fjörum í fjörðum þeim, þar sem þeir reka hvalveiðar, einu sinni í mánuði hverjum, ef hreppsnefnd krefst þess, og ákveður hún í hvert skipti, hvar hreinsun skuli fram fara.

Sömuleiðis skulu allir hvalveiðamenn hafa lóð sína girta með gripheldum girðingum fyrir sauðfje, nautpeningi og hrossum.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

3. gr.

Mál, er rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 6. marz 1896.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 6. Lög 6. marz um hvalleifar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 6.
6.
Marts.

om

## Hvalaffald.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Alle Hvalfangere i Island ere pligtige til engang hver Maaned at bortfjerne alle Levninger af Hval fra Forstrandene i de Fjorde, hvor de drive Hvalfangst, saafremt vedkommende Repsforstanderskab forlanger saadant. Forstanderskabet bestemmer hvergang, hvor saadan Rensning skal finde Sted.

Ligeledes skal enhver Hvalfanger have sin Grund omgærdet med Hegn, som holder ude Faar, Hornkvæg og Heste.

§ 2.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder fra 100—1000 Kr., som tilflyde Landskassen.

§ 3.

Sager i Anledning af Overtrædelser af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 6te Marts 1896.**

---

**Ministeriet for Island, den 6te Marts 1896.**

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*